

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2025/187****2025/EES/59/06****frá 31. janúar 2025**

um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/415 um leyfi fyrir eplasýru, sítrónusýru sem er framleidd með *Aspergillus niger* DSM 25794 eða CGMCC 4513/CGMCC 5751 eða CICC 40347/CGMCC 5343, sorbínsýru og kalíumsorbati, ediksýru, natríumdíasetati og kalsíumasetati, própansýru, natríumprópiónati, kalsíumprópiónati og ammóníumprópiónati, maurasýru, natríumformati, kalsíumformati og ammóníumformati og mjólkursýru sem er framleidd með *Bacillus coagulans* (LMG S-26145 eða DSM 23965) eða *Bacillus smithii* (LMG S-27890) eða *Bacillus subtilis* (LMG S-27889) og kalsíumlaktati sem fôðuraukefni fyrir tilteknar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í föðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Notkun á ediksýru, natríumdíasetati og kalsíumasetati sem fôðuraukefnum var leyfð til 10 ára með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/415 ⁽²⁾ fyrir alifugla, svín og gæludýr með hámarksinnihald sem nemur 2 500 g/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald og fyrir allar aðrar dýrategundir aðrar en fiska án hámarksinnihalds. Samkvæmt álitum sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu samþykkti 1. febrúar 2012 ⁽³⁾ og 6. maí 2021 ⁽⁴⁾ var hins vegar eingöngu sýnt fram á öryggi notkunar á þessum þremur aukefnum, sem um er að ræða, fyrir jörturdýr án þess að fastsetja þurfi hámarksinnihald.
- 2) Í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/415, að því er varðar aukefnin natríumdíasetat (auðkennt sem 1a262) og kalsíumasetat (auðkennt sem 1a263), var færslu sem varðar órokgjörn efni bætt fyrir mistök í dalkinn „Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð“ undir fyrirsögninni „Lýsing á eiginleikum virka efnisins“.
- 3) Í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/415, að því er varðar aukefnið natríumdíasetat (auðkennt sem 1a262), voru samsetning aukefnisins og lýsing á eiginleikum virka efnisins tilgreindar fyrir mistök.
- 4) Í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/415, að því er varðar aukefnið mjólkursýra (auðkennt sem 1a270), ætti dalkurinn „Hámarksinnihald“ að vísa til magns virka efnisins en ekki aukefnisins.
- 5) Því ætti að leiðrétta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/415 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2025/187, 3.2.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj>.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/415 frá 11. mars 2022 um leyfi fyrir eplasýru, sítrónusýru sem er framleidd með *Aspergillus niger* DSM 25794 eða CGMCC 4513/CGMCC 5751 eða CICC 40347/CGMCC 5343, sorbínsýru og kalíumsorbati, ediksýru, natríumdíasetati og kalsíumasetati, própansýru, natríumprópiónati, kalsíumprópiónati og ammóníumprópiónati, maurasýru, natríumformati, kalsíumformati og ammóníumformati og mjólkursýru sem er framleidd með *Bacillus coagulans* (LMG S-26145 eða DSM 23965) eða *Bacillus smithii* (LMG S-27890) eða *Bacillus subtilis* (LMG S-27889) og kalsíumlaktati sem fôðuraukefni fyrir tilteknar dýrategundir (Stjtið. ESB L 85, 14.3.2022, bls. 6; ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2022/415/oj).

(3) *Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(2), 2571.

(4) *Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(6), 6615.

- 6) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á leiðréttingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir aukefnunum ediksýru, natríumdíasetati og kalsíumasetati af öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla kröfurnar sem fylgja leiðréttingunum.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fæður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leiðréttingar

Viðaukinn við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/415 er leiðréttur sem hér segir:

- 1) Þriðji dálkurinn „Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð“ er leiðréttur sem hér segir:
 - a) Orðin „Órokgjörn efni ≤ 30 mg/kg“ í færslu 1a263 um kalsíumasetat í textanum undir fyrirsögninni „Lýsing á eiginleikum virka efnisins“ falla brott.
 - b) Í stað textans undir fyrirsögnunum „Samsetning aukefnis“ og „Lýsing á eiginleikum virka efnisins“ í færslu 1a262 um natríumdíasetat kemur eftirfarandi:

„Samsetning aukefnis

Natríumdíasetat $\geq 97\%$

Fast form

Lýsing á eiginleikum virka efnisins

Natríumdíasetat (vatnsfrítt og trífýdrat) $\text{NaC}_4\text{H}_7\text{O}_4$

CAS-nr. 126-96-5

Natríumasetat $\geq 58\%$

Ediksýra $\geq 39\%$

Vatn $\leq 2\%$

Maurasýra og sölt hennar og annað oxanlegt efni ≤ 1 g/kg

Framleitt með efnasmíði“.

- 2) Í stað flokks dýra „Alifuglar, svín, gæludýr“ í færslum 1a260 um ediksýru, 1a262 um natríumdíasetat og 1a263 um kalsíumasetat í fjórða dálki „Tegund eða flokkur dýra“ kemur „Allar dýrategundir aðrar en fiskar og jörturdýr“ og í stað flokks dýra „Allar dýrategundir aðrar en fiskar“ kemur „Jörturdýr“.
- 3) Í stað fyrirsagnarinnar „mg/kg heilföðurs með 12% rakainnihald“ í færslu 1a270 um mjólkursýru í sjötta dálki „Lágmarksinnihald/hámarksinnihald“ kemur „mg af virku efni/kg heilföðurs með 12% rakainnihald“.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Aukefnin ediksýra (auðkennt sem 1a260), natríumdíasetat (auðkennt sem 1a262) og kalsíumasetat (auðkennt sem 1a263) og forblöndur sem innihalda þessi aukefni, sem eru framleidd og merkt fyrir 23. ágúst 2025 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 23. febrúar 2025, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.

2. Fóðurlöndur og fôðurefni sem innihalda akefnin eða forblöndurnar sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 23. febrúar 2026 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 23. febrúar 2025, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurlöndur og fôðurefni sem innihalda akefnin eða forblöndurnar sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 23. febrúar 2027 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 23. febrúar 2025, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. janúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
